

Mál nr.9
Breiðablik
gegn
FH

Kæra Breiðabíks
Dómkröfur

Breiðablik gerir þær kröfur að Fh verði dæmdur tapaður leikur 0-3.

Málavextir

FH notaði ólöglega leikmenn í leik sem fram fór þann 11.07.06 kl: 17:30 í Fífunni á milli FH-b og Breiðabliks-b í 4.flokk stúlkna. Reglugerð segir að leikmenn sem voru í byrjunarliði A-liðs í næsta leik á undan eru ekki löggengir í næsta leik með B-liði. A-lið spiluðu 11.07.06 kl.. 16:00.

Tilvísarnir

Leikmennirnir sem tóku þátt í leiknum gegn Breiðablik-b og voru ólöglegir voru:

Birna Berg Haraldsdóttir 210693-2119.

Lék sem leikmaður í byrjunarliði í treyju nr. 1 í A-leik og sem leikmaður í byrjunarliði í treyju nr 4. í B-leik.

Röksemdir

Leikmaður sem leikur í byrjunarliði í A-liði er ekki löglegur með B-liði í næsta leik á eftir. FH spilaði þannig ólöglegu leikmönnum.

Sönnunargögn

Meðfylgjandi eru leikskýrslur í leikjum A liða Breiðabliks-FH úr A-liðurþ þjálfari FH Þórarinn Þórarinsson viðurkenndi að leikmaðurinn hafði spilað leikinn en taldi að leikmaðurinn mætti spila með FH-b þrátt fyrir að hafa veirð í byrjunarliði sérstaklega þar sem um markmann hafði verið að ræða.

Vitni

Haukur Valdimarsson

Samir Mestoic

Fríða Dögg Baldursdóttir

Eda Margrét Erlendsdóttir

Bjarki Valberg

Virðingarfyllst,

Svavar Jósefsson

framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, þriðjudaginn 30. júlí, er dómþing haldið hjá dómstól KSÍ af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið málið nr. 9/2006:

Breiðablik

gegn

FH.

Dómþing þetta er háð á skrifstofu dómarans að Lagarási 4, Egilsstöðum. Enginn er mættur í réttinn.

Lagt er fram:

Nr. 1 Kæra Breiðabliks, móttokin 13. júlí 2006 af skrifstofu KSÍ.

Nr. 2 Leikskýrsla Breiðalik - FH 4. fl. kv. A lið, útprentuð af heimasíðu KSÍ.

Kærði hefur ekki nýtt sér vikufrest til að taka til varna í máli þessu. Er málið því tækt til dóms.

Er í réttinum kveðinn upp svofelldur dómur:

Dómsorð:

FH telst hafa tapað leik gegn Breiðabliki í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B sem fram fór 11. júlí 2006 með markatölunni 3-0.
FH greiði kr. 10.000 í sekt.

Hilmar Gunnlaugsson

Ár 2006, sunnudaginn 30. júlí, kl. 15.00 er dómþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara að Lagarási 4, Egilsstöðum.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 9/2006:
Breiðablik
gegn
F.H.

Enginn er mættur í réttinn. Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I.

Mál þetta var móttekið af skrifstofu KSÍ 13. júlí 2006. Kærandi er Knattspyrnudeild Breiðabliks, kt. 041084-1389, Íþróttahús Smárinn Dalsmára, 200 Kópavogi. Kærði er Fimleikafélag Hafnarfjarðar - FH, kt. 410687-1359, Íþróttahúsinu Kaplakrika, 220 Hafnarfirði.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 13. júlí sl. og þann 17. júlí var kærða gefinn vikufrestur til að skila inn greinargerð.

Dómkröfur.

Kærandi krefst þess að dómstóllinn hnekki úrslitum leiks FH-b og Breiðabliks-b í Íslandsmóti 4. flokks stúlkna sem háður var í Fífunni þann 11. júlí 2006 og hófst kl. 17:30 og dæmi að úrslit leiksins skuli vera 0-3 fyrir kæranda.

Kærði hefur ákveðið að halda ekki uppi vörnum í málinu.

II.

Með hliðsjón af 8. gr. laga um dómstól KSÍ og því að kærði ákvað að mótmæla ekki fram kominni kæru, er mál þetta dæmt án sérstakrar aðalmeðferðar þess.

Kærandi heldur því fram, að atvik málsins séu með þeim hætti að kærði hafi notað leikmanninn Birnu Berg Haraldsdóttur, kt. 210693-2119 með B liði kl. 17:30, en Birna hafi áður hafið leik í byrjunarliði hjá A liði sem hófst kl. 16 og var á milli sömu liða.

Vísar kærandi máli sínu til stuðnings til greinar 3.9.13.1, 5. töluliðar þar sem segir m.a. um hlutgengi leikmanna í B liðum 4. fl. kvenna: Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með A liði félagsins í Íslandsmóti. Þá byggir kærandi á grein 4.3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, en þar segir að mæti lið ólöglega skipað til leiks, skuli úrslit hans talin vera 0-3, nema tap hafi verið stærra.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um málsatvik og verður málatilbúnaður kæranda því lagður til grundvallar. Með því, að sannað þykir að umræddur leikmaður hafi verið í byrjunarliði A liðs FH í næsta leik á undan og leikið með B liðinu, verður að fallast á kröfu kæranda. Úrslit leiks FH og

Breiðabliks í í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B lið í knattspyrnu, sem fram fór 11. júlí 2006, skulu vera 0-3, Breiðabliki í vil.

Með vísan til ákvæða 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þykir rétt að kærði greiði kr. 10.000 í sekt.

Hilmar Gunnlaugsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

FH telst hafa tapað leik gegn Breiðabliki í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B sem fram fór 11. júlí 2006 með markatölunni 3-0.

FH greiði kr. 10.000 í sekt.

Hilmar Gunnlaugsson

Áfýjun FH

Ákærði (sem er FH) krefst þess að áfrýjunardómstóll KSÍ hnekki dómi sem tekin var fyrir þann 30. júlí kl. 15:00 í dómþingi Knattspyrnudómstóls KSÍ

Telur ákærði að niðurstaða dómsins sé komin til að málatilbúnaði og við það getur hann ekki unað. Ekki þykir sannað að kærði hafi notað leikmanninn Birnu Berg Haraldsdóttur í b-liðshóp FH, þar sem engin leikskýrsla liggur fyrir og hefur ekki borist KSÍ 31. júlí 2006. (1. sjá meðfylgjandi póst frá Ragnheiði hjá KSÍ).

Þar af leiðandi getur kærði ekki unað við niðurstöðu dómsins, þar sem dómurinn byggir greinilega dóm sinn á málatilbúnaði kæranda og engin gögn liggja því til sönnunar. Vísar kærandi til fylgigagns nr. 2 með kæru, sem er óstaðfest leikskýrsla A liðs FH prentuð af heimasíðu KSÍ og er málinu óviðkomandi, þar sem beinist að örðum leik. (sjá fylgigang nr. 2 leikskýrsla). Einnig vil ég geta þess að tilkynning sú sem undirrituðum barst vegna þessa máls er mjög ill áunninn og ekki hægt að geta sér til um hvernig í ósköpunum undirritaður hafi átt að átta sig á því, hvernig hann átti að halda uppi vörnum þar sem allar dags- og tímasetningar voru löngu liðnar þegar tilkynning er skrifuð. (sjá fylgigagn nr.3 sjá meðfylgjandi tilkynningu).

Fylgigögn: Nr.1 staðfesting á að leikskýrslur höfðu ekki borist KSÍ
 Nr. 2 staðfest leikskýrsla sem er óviðkomandi málinu.
 Nr. 3 tilkynning

Virðingarfyllt
f.h. knattspyrnudeildar FH unglíngaráð
Gísli Björgvinsson
Formaður

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2006, föstudaginn 8. september kl. 8:15 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 5/2006:
FH
gegn
Breiðabliki.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur.

I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari dómstóls Knattspyrnusambands Íslands þann 30. júlí 2006.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu þann 4. ágúst 2006 og gerir þá kröfu að hinum áfrýjaða dómi verði hnekk.

Stefndi hefur ekki lagt fram neina formlega greinargerð af sinni hálfu.

II.

Samkvæmt framlögðum gögnum eru málavextir þeir að leikmaður áfrýjanda, Birna Berg Haraldsdóttir tók bæði þátt í Íslandsmóti A og B-liða 4. flokks kvenna þann 11. júlí sl., er þessi liði áfrýjanda léku við lið stefnda í Fífunni kl 16:00, A-lið og kl. 17:30 B-lið. Þessi liðskipan áfrýjanda fer í bága við ákvæði 5. tl. greinar 3.9.13.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót 4. flokks kvenna. Með vísan til þessa er hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sekt samkvæmt fortakslausu ákvæði 3. tl. greinar 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem í þessu tilviki telst hæfileg kr. 5000.

Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur. FH telst hafa tapað leik gegn Breiðabliki í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B, sem fram fór þann 11. júlí 2006 með markatölunni 3-0.

FH greiði kr. 5000 í sekt.

Sigurður G. Guðjónsson
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Guðmundur Pétursson